



Brunatrygging ökutækja

Skilmáli nr. BE20

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. BE20.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Brunatrygging ökutækja hentar þeim sem vilja brunatryggja ökutæki sem eru lítið notuð og jafnvel geymd innandyrá yfir vetrartímann.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hvað er tryggt?

1.1 Tryggingin gildir fyrir ökutæki sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hver er tryggður?

2.1 Eigandi ökutækis er tryggður.

3. Hvar gildir tryggingin?

3.1 Tryggingin gildir á Íslandi.

4. Hvað bætir tryggingin?

4.1 Tryggingin bætir tjón á ökutækinu vegna eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Auk skemmda á ökutækinu nær tryggingin til skemmda sem samtímis verða á varahlutum og þeim fylgihlutum ökutækisins sem teljast mega tilheyra eðlilegum útbúnaði þess þegar tjónið varð, enda séu hlutir þessir þá í ökutækinu. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.

5. Hvað bætir tryggingin ekki?

5.1 Tryggingin bætir ekki:

- Tjón á hreyfli vegna sprenginga í strokkum.
- Tjón á hvers konar aukaútbúnaði ökutækisins, t.d. tengivögnum, farsímum, GPS-tækjum, talstöðvum, vörulyftum og krönum vörubifreiða, lausum toppgrindum og farangurskössum, nema um annað sé samið.
- Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

6. Varúðarreglur

- Ökumaður hins tryggða ökutækis skal hafa þau réttindi og kunnáttu sem krafist er til þess að aka því.
- Ökumaður skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna við notkun ökutækis.
- Ökutæki skal vera læst þegar enginn er í því og geyma skal lykla á öruggum stað.
- EKKI skal nota ökutæki til annars aksturs en þess sem getið er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- Tryggður skal viðhalda ökutæki í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda.
- Tryggður skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun ökutækisins og sjá til þess að það uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.



6.7 Tryggður skal sjá til þess að öryggisbúnaður ökutækisins sé ávallt í lagi.

7. Breytt notkun á ökutæki

7.1 Tilkynna ber VÍS tafarlaust ef notkun ökutækisins breytist frá því sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð VÍS á tjónsatburði lækki að tiltölu miðað við hvert verð tryggingar hefði orðið við breytta notkun.¹

8. Háttsemi annarra

8.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi aðila sem með samþykki tryggðs er ábyrgur fyrir hinu tryggða ökutæki.

8.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins tryggða ökutækis.

9. Verð

9.1 Verð tryggingarinnar er reiknað út frá notkun ökutækisins, verðmæti þess og lögheimili tryggingartaka.

9.2 Verðið breytist við endurnýjun tryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu.

10. Endurgreiðsla

10.1 Falli tryggingarsamningur úr gildi áður en tryggingartímabili lýkur endurgreiðir VÍS trygginguna í hlutfalli við þann tíma sem tryggður hefur greitt fyrir og tryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef tryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að VÍS hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.

10.2 VÍS endurgreiðir ekki trygginguna þótt ökutækið hafi ekki verið í notkun og skrásetningarkerfi þess verið í vörslu Samgöngustofu eða umboðsmanna hennar.

10.3 Skammtímatryggingar eru með öllu undanskildar endurgreiðsluákvæðum í gr. 10.1.

11. Ákvörðun bóta

11.1 Fjárhæð bóta ræðst af verðmæti ökutækisins. Verðmæti ökutækis er sú upphæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri og gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi, miðað við staðgreiðsluviðskipti.

11.2 VÍS greiðir bætur fyrir altjón ef ökutækið verður fyrir svo miklum skemmdum að VÍS álitur ekki borga sig að gera við það.

11.3 Verði altjón á ökutæki ræður VÍS hvort það:

- Greiði verðmæti ökutækisins gegn afsali.
- Greiði mismun á verðmæti ökutækis fyrir og eftir tjón.
- Útvegi annað ökutæki sömu tegundar sem er sambærilegt að aldri og gerð. Kjósi VÍS að útvega annað ökutæki hefur það heimild til að gera tilkall til afsals úr hendi tryggingartaka fyrir hinu skemmda ökutæki.

11.4 Bætur fyrir tjón að hluta:

- Verði tjón á ökutækinu án þess að skilyrði greinar 11.2 séu fyrir hendi greiðir VÍS kostnað við að gera við ökutækið að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að það sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón.
- VÍS hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað hjá verkstæði sem VÍS samþykkir eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.
- VÍS bætir ekki lækkun á markaðsverði ökutækisins, óbeint tjón, svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.

12. Framsal

12.1 Tryggður má ekki án samþykkis VÍS framselja réttindi sín samkvæmt tryggingarsamningnum.

Það sem fram kemur á hægri spásíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.

¹ Sbr. 25. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.